



Reykjavík, 17. maí 2019
SFS2019010156
161. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi myglu í húsnæði frístundamiðstöðva

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, 22. janúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það í hvaða húsnæði frístundamiðstöðva hefur fundist mygla.

Svar:

Raki og loftgæðavandi hefur greinst í frístundamiðstöðvunum Gufunesbæ, Miðbergi og Kringlumýri.

Í Gufunesbæ sem var staðsettur í gamla bænum í Gufunesi, greindist mikill raki og loftgæðavandi og er búið að flytja starfsemina sem þar var í skrifstofugáma á svæði rétt við gamla bæinn. Sú staðsetning er tímabundin lausn og fyrir liggja óskir um uppbyggingu á svæðinu fyrir starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar. Haustið 2017 var kynnt í skóla- og frístundaráði skýrsla með tillögum að uppbyggingu á Gufunesbæ og útivistarsvæðinu þar í kring.

Í Miðbergi greindist mikill raki og loftgæðavandi á efri hæð hússins og er búið að flytja starfsemina sem þar var tímabundið í húsnæði rétt við Miðberg. Búið er að loka milli hæða og tryggja að neðri hæðin sé örugg en þar fer fram starfsemi fyrir börn og unglinga í félagsmiðstöðinni Hundrað og ellefu. Fyrirhugað er að endurbyggja efri hæð hússins og hafa óskir þess efnis verið sendar til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Í Kringlumýri, sem staðsett var í Safamýri 28, greindist mikill raki og loftgæðavandi í norður hluta hússins og er búið að færa starfsemi sem var í þeim hluta hússins í tímabundið húsnæði við Síðumúla 23. Framkvæmdastjóri Kringlumýrar hefur komið með tillögur um framtíðarstað fyrir frístundamiðstöðina að Safamýri 5, sem hafa verið kynntar á fundum með skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Nýverið skilaði verkfræðiskrifstofan Mannvit skýrslu þar sem fyrstu niðurstöður voru birtar á ástandi húsnæðis frístundamiðstöðvarinnar Ársels. Þar finnst mikill raki í veggjum víða sem þarf að skoða og rannsaka betur. Framkvæmdir eru í gangi núna og frekari greining á ástandi hússins og frekari framkvæmdir eru framundan í sumar s.s. laga dren í kringum húsið og leka.